

Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 23

Dags: 05.10.2022 kl.20:00

Fundur númer: 206

Mætt eru: Ágústa (stjórnarmeðlimur), Benjamin (framkvæmdarstjóri), Emil (varamaður sem sat fyrir Sigtrygg stjórnarmeðlim), Hilmar (formaður), Marinó (stjórnarmeðlimur), Valdimar (stjórnarmeðlimur), Þuríður (rekstrarstjóri).

Dagskrá: Kallaður var út aukastjórnarfundur til að ræða leigu félagsins á Ármúla 21. Stjórnarmeðlimir höfðu kynnt sér fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir þann nýja þátt sem samin var af starfsfólki félagsins og var síðan farið yfir hana ítarlega á fundinum.

Benjamin kynnti fyrir stjórn tilboð frá Walltopia fyrir veggjum og dýnum Ármúla 21 og áætlanir um smíði klifursalarins.

Farið var yfir nýtt tilboð frá eigendum Ármúla 21 fyrir leigusamning.

Kosið var um hvort að félagið ætti að taka þetta skref og leiga Ármúla 21 til viðbótar við Ármúla 23 og var tillagan samþykkt einróma af þeim stjórnarmeðlimum sem sátu fundinn.

Fundi lokið kl. 22:20

Fundarritari: Þuríður